
Náttúrufræði

Náttúruvísindi eru fræði um náttúruna og skiptast í eðlisvísindi (eðlisfræði, efnafræði og stjarnfræði), jarðvísindi (jarðfræði og stjarnfræði) og líffræði (dýra- og plöntufræði). Í náttúruvísindum er vísindalegum aðferðum beitt, þ.á.m. rannsóknum og mælingum, til að skýra og skilja fyrirbæri í náttúrunni og setja fram kenningar um þau.

Markmið

Að nemendur geti:

- útskýrt ýmis ferli í náttúrunni skipulega og á sjálfstæðan hátt.
- nýtt sér orðaforða náttúruvísindanna.
- nýtt sér niðurstöður verklegra æfinga.

Að nemendur þekki:

- sögu og flokkun lífvera.
- nafnakerfi og flokkunareiningar.
- einkenni hvers ríkis fyrir sig.
- samskipti lífvera og tengsl við umhverfið.
- heim efnafræðinnar; frumefni, efnabreytingar, jónir o.fl.
- lotukerfið og hvað það felur í sér.

Leiðir

Kennsla fer fram í formi innlagna, verkefnavinnu einstaklinga og hópa, verklegra æfinga og umræðna.

Námsmat

Skriflegt lokapróf á 1., 2. og 3. önn, ásamt mati á verkefnum og verkleum æfingum sem eru unnin á önnunum. Vinnubók er metin út frá unnum verkefnum á önninni, uppsetningu og frágangi, ásamt verklegum æfingum og skýrslublöðum. Nemendur vinna auk þess sjálfsmat í lok hverrar annar.

Námsgögn

Bækur: Efnisheimurinn og Lífheimurinn.

Þættir: Ýmislegt efni um lífríkið og frumefni.

Annað: Verkefni og lesefni frá kennara og af veraldarvefnum.
